

Sp.

284. Nefndarálit

[1. mál]

um framlög til flóabáta og vöru- og fólksflutninga.

Frá samvinnunefnd sangöngumála.

Samvinnunefnd sangöngumála hefur unnið að tillögugerð um framlög ríkis-
sjóðs til flóabáta og fólks- og vöruflutninga. Nefndin hefur haft samráð við for-

stjóra Skipaútgerðar ríkisins. Hann hefur að venju aflað upplýsinga um rekstur einstakra flóabáta. Í ljós hefur komið, að útgerðarkostnaður bátanna hefur aukist. Það hefur verið bætt að hluta, þannig að far- og flutningsgjöld hafa verið hækkuð á þessu ári. Ljóst er, að rekstrarkostnaður bátanna mun hækka verulega árið 1974. Er því óhjákvæmilegt að hækka far- og flutningsgjöld á næsta ári. Vissri prósentu var haldið eftir af framlögum til bátanna árið 1973. Þær upphæðir þyrftu að greiðast að fullu, því að framlög til þeirra voru í algjöru lágmarki fyrir árið 1973. Tillögur nefndarinnar eru einnig í lágmarki nú, til þess að hægt sé að halda uppi nauðsynlegum samgöngum milli héraða og til einstakra byggðarlaga, þar sem örðugleikar eru á samgöngum.

Undanfarin ár hefur styrkur verið veittur til snjóbifreiða, og þeim umsóknum hefur farið fjölgandi. Viðkomandi byggðarlög telja brýna nauðsyn bera til þess, að rekstur snjóbifreiða sé styrktur af almannafé, m. a. vegna þess, að víða vantar hér- aðslækna. Það getur því verið lífsnauðsyn, að byggðarlögin hafi ráð á snjóbifreið, ef flytja þarf sjúkling eða sækja lækni. Nefndin hefur því eigi séð sér annað fært en að leggja til, þar sem staðhættir eru slíkir, að rekstur snjóbifreiða verði styrktur, og eru þeir styrkir yfirleitt hækkaðir um ca. 20% vegna aukins kostnaðar bifreiða.

Norðurlandssamgöngur.

Norðurlandsbáturinn Drangur annast mjólkurflutninga til Siglufjarðar og Ólafsfjarðar tvisvar í viku að vetrinum og flytur auk þess vörur og farþega eftir þörfum. Báturinn heldur uppi ferðum til Grimseyjar og Hríseyjar að minnsta kosti tvisvar í mánuði. Samkvæmt rekstrarreikningi bátsins virðist óhjákvæmilegt að hækka framlag til hans frá því, sem var árið 1973. Nefndin leggur því til, að framlag fyrir árið 1974 verði 6 millj. kr. Lagt er til, að styrkur til flugferða til Grimseyjar verði 350 þús. og til Hríseyjarbáts, sem gengur milli Dalvíkur og Hríseyjar, 360 þús. í rekstrarstyrk og 200 þús. kr. í stofnstyrk.

Austfjarðasamgöngur.

Lagt er til, að styrkur til Mjóafjarðarbáts verði 500 þús. kr. Mikið gagn hefur verið að rekstri snjóbifreiða á Austfjörðum vegna lækniþjónustu og til reglubundinna ferða yfir snjóþunga fjallvegi. Nefndin leggur því til, að veittir verði rekstrarstyrkir til nokkurra snjóbifreiða í þeim fjórðungi.

Suðurlandssamgöngur.

Vöruflutningar til hinna hafnlausu byggðarlaga í Vestur-Skaftafellssýslu eru mjög kostnaðarsamir, og hafa þeir því verið greiddir nokkuð niður undanfarin ár, enda nýtur sú sýsla eigi þess fjár, sem veitt er til Skipaútgerðar ríkisins. Nefndin leggur til, að 1.5 millj. kr. verði varið til að lækka kostnað við þessa vöruflutninga. Hins vegar fellur niður framlag til vatnadreka á Skeiðará.

Faxaflóasamgöngur.

Flóabáturinn Akraborg heldur uppi ferðum milli Akraness og Reykjavíkur. Tekjur eru einkum af farþegaflutningi. Fargjöld hafa verið hækkuð verulega árið 1973, en þurfa enn frekari hækkunar við vegna aukins rekstrarkostnaðar. Nefndin leggur til, að styrkur til h/f Skallagrims verði hækkaður úr 6.5 millj. í 7. millj.

Breiðafjarðarsamgöngur.

Flóabáturinn Baldur í Stykkishólmi annast flutninga milli Reykjavíkur og Breiðafjarðarbyggða. Hann heldur uppi ferðum og flutningum um Breiðafjörð, Gilsfjörð og Hvammsfjörð, m. a. frá Stykkishólmi um Flatey til Brjánslækjar á Barðaströnd. Báturinn á í fjárhagslegum erfiðleikum. Hann skuldar ca. 24 millj. auk

hlutafjár. Nauðsyn ber til að lækka þær skuldir eftir öðrum leiðum en sem rekstrarstyrk til flóabáta. Óhjákvæmilegt er að starfrækja bátinn, en þörf væri á, að hann hefði meiri verkefni. Nefndin leggur til, að rekstrarstyrkur til bátsins hækki um 0.5 millj., en stofnstyrkur verði óbreyttur.

Vestfjarðasamgöngur.

Djúpbáturinn Fagranes heldur uppi ferðum um Ísafjarðardjúp og til kaupþúna í Vestur-Ísafjarðarsýslu, m. a. vegna mjólkurflutninga. Báturinn hefur verið vel rekinn og er skuldlítill. Nefndin leggur til, að hann fái 5.5 millj. í rekstrarstyrk og 100 þús. kr. vegna mjólkurflutninga úr Dýrafirði.

Almenn nefndarályktun.

Mjög margir aðildar hafa beðið um rekstrarstyrk til snjóbífreiða. Nefndin hefur lagt til, að slíkir styrkir verði veittir, þar sem um mikil snjóþyngsli er að ræða og slæma fjallvegi. Þetta er einkum gert með tilliti til þess, að bífreidarnar séu notaðar til að greiða fyrir lækniþjónustu.

Nefndin vill taka það fram, að skilyrði fyrir því, að styrkur þessi verði veittur og greiddur, er, að rekstri flóabátanna verði hagað þannig í samráði við viðkomandi ráðuneyti, að þjónustan við hinar dreifðu byggðir verði sem hagkvæmust.

Samkvæmt þessu leggur samvinnunefnd samgöngumála til, að heildarfjárveiting til Flóabáta, snjóbífreiða og vöruflutninga verði á árinu 1974 38 530 000 kr., og skiptist sú upphæð þannig:

1. Norðurlandsbáturinn Drangur	6 000 þús. kr.
2. Til vetrarsamgangna í Árneshreppi	100 — —
3. Hríseyjarbátur	360 — —
Sami, stofnkostnaður	200 — —
4. Grímsey vegna flugferða	350 — —
5. Til snjóbífreiða í Dalvíkurlæknishéraði	150 — —
6. Mjóafjarðarbátur	500 — —
7. Snjóbífreid í Vopnafirði	150 — —
8. Snjóbífreid á Fjarðarheiði	700 — —
Sami, stofnkostnaður	500 — —
9. Snjóbífreid á Fagradal	190 — —
10. Snjóbífreid á Oddsskarði	550 — —
Sami, stofnkostnaður	200 — —
11. Snjóbífreid á Fljótdalshéraði	120 — —
12. Snjóbífreid í Borgarfirði eystra	160 — —
13. Snjóbífreid Stöðvarfjörður—Egilsstaðaflugvöllur	150 — —
14. Til vöruflutninga á Suðurlandi	1 500 — —
15. Vestmannaeyjar vegna mjólkurflutninga	920 — —
16. H/f Skallagrimur	7 000 — —
17. Mýrabátur	30 — —
18. Til vetrarflutninga í Breiðvíkurhreppi	80 — —
19. Stykkishólmsbáturinn Baldur	8 500 — —
Sami, stofnstyrkur	2 000 — —
20. Langeyjarnesbátur	180 — —
21. Snjóbífreid í Austur-Barðastrandarsýslu	100 — —
22. Til vetrarflutninga í Vestur—Barðastrandarsýslu	350 — —
23. Dýrafjarðarbátur	100 — —
24. Snjóbífreid um Botnsheiði	250 — —
25. Djúpbáturinn h/f, Fagranes	5 500 — —
Sami vegna mjólkurflutninga úr Dýrafirði	100 — —
26. Snjóbífreid í Þórshafnarhéraði	130 — —

27. Til vetrarflutninga í Haukadal	50	—	—
28. Snjóþifreið á Akureyri	150	—	—
29. Til vetrarflutninga á Lónsheiði	200	—	—
30. Snjóþifreið Axarfjörður—Kópasker	240	—	—
31. Snjóþifreið á Hólmavík	150	—	—
Sami, stofnstyrkur	200	—	—
32. Snjóþifreið í Hálshreppi, S.-Þing.	150	—	—
33. Vetrarflutningar, Skarðshreppi, Dölum	70	—	—
34. Vetrarsamgöngur í Reykhóla- og Gufudalshr.	200	—	—

Samtals 38 530 þús. kr.

Alþingi, 14. des. 1973.

Björn Pálsson,	Páll Þorsteinsson,	Garðar Sigurðsson,
form. Nd.-nefndar, frsm.	form. Ed.-nefndar.	fundaskr. Nd.-nefndar.
Bjarni Guðbjörnsson,	Hannibal Valdimarsson.	Helgi F. Seljan.
fundaskr. Ed.-nefndar.		
Ásgeir Bjarnason.	Jón Árm. Héðinsson.	Stefán Valgeirsson.
Pétur Pétursson.	Sverrir Hermannsson.	Steinþór Gestsson.
Jón Árnason.	Friðjón Þórðarson.	